



<i>Inngangur</i>	1
Forsendur	2
Hugtök í námsmarkmiðum	3
Lokamarkmið	3
Skipulag náms	4
Yfirlit yfir samþættingu námsþátta:	5
<i>Námsþættir og lýsingar</i>	6
Kynning námsleiðar	6
Námstækni	7
Samskipti og siðfræði	8
Tölvur og upplýsingatækni	9
Fagenska	10
Fagreikningur	11
Tjáning	12
Ferðþjónusta	13
Fyrirtækin	14
Lífriki sjávar og ferskvatns	15
Þjónusta	16
Framreiðsla í sal	17
Skyndihjálpi	18
Faglegt lokaverkefni	19
Mat á námi og námsleið	20
<i>Mat til styttingar náms í framhaldsskóla</i>	21



Námsleiðin *Fiskur og ferðaþjónusta* er hönnuð af **Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fyrir Mími-símenntun** í samstarfi við Starfsgreinasamband Íslands, Verkalýðsfélag Húsavíkur og Markaðsráð Húsavíkur með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Með þátttöku fyrirtækja á svæðinu í þarfagreiningu og uppbyggingu námsins er leitast við að tryggja að menntunin sé sniðin að þeirra þörfum.

Námsleiðin felst í 300 kennslustunda starfsnámi. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi námið til styttingar náms í framhaldsskóla til allt að 24 einingum. Meta má námið á móti 12 einingum í vali, 12 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi einstaklings.

Tilgangur námsins er að auka færni starfsmanna í ferðaþjónustu þar sem afkoman byggist á nýtingu sjávar og ferskvatns, efla faglegt stolt og jákvæðni. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra, afla og miðla upplýsingum og að þeir efla sjálfstraust sitt og lífsleikni.

Námsskrá þessi er ætluð námsmönnum, leiðbeinendum og þeim sem vilja bjóða nám af þessu tagi. Námsskráin er einnig ætluð þeim sem vilja leggja mat á þýðingu námsins til starfs, áframhaldandi náms eða annars sem nám af þessu tagi kann að hafa þýðingu fyrir.

Námsskrá þessi er gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði náms, gera nám gagnsærra og auðvelda styttingu á framhaldsskólanámi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir kröfur til þeirra sem heimild fá til að nota námskrá þessa um að þeir framfylgi formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir, einnig að framkvæmdaraðili framfylgi skilgreindum kennslufræðilegum kröfum sem eru viðurkenndar af FA.



Námsleiðin *Fiskur og ferðaþjónusta* er ætluð starfsmönnum fyrirtækja sem þjóna innlendum og erlendum ferðamönnum á svæðum sem byggja á nýtingu sjávar og ferskvatns, hvort sem um er að ræða gisti- og veitingastaði eða afþreyingarfyrirtæki.

Í námsleiðinni *Fiskur og ferðaþjónusta* er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra, efla sjálfstraust sitt og lífsleikni. Í náminu er byggt á frammistöðu og ábyrgð einstaklings sem og samvinnu og samábyrgð allra sem koma við sögu þess. Námsárangur er ekki aðeins vitnisburður um frammistöðu einstaklings heldur einnig vitnisburður um aðstæður til náms og árangur af samvinnu námsmanna og leiðbeinenda.

Til að stýra námsleið um *Fisk og ferðaþjónustu* þarf leiðtoga sem líta á sig sem leiðbeinendur og leiðsögumenn. Námsferni, framsetningu og framvindu náms verður að sníða eftir forsendum námsmanna. Aðbúnaður og aðstaða verða að hæfa fullorðnu fólki.

Námsmenn eru starfsfólk fyrirtækjanna, fullorðið fólk, á misjöfnum aldri, með mismilangan starfsaldur, í ólíkum störfum. Reynsla þeirra er því afar misjöfn og misjafnt hve langt er um liðið frá því þeir voru síðast í skóla. Engar kröfur eru gerðar til lágmarksskólagöngu áður en nám hefst. Námsmenn gangast ekki undir formleg próf.

Leiðbeinandi þarf að hafa færni til að skilgreina þarfir, tilgang og markmið starfs síns með námsmönnum og skilgreina þá með tilliti til forþekkingar, markmiða og leiða. Hann þarf að geta ráðað niður námserfni með tilliti til markmiða, skipulags efnis og tímasetninga. Leiðbeiningar eiga að vera við hæfi fullorðinna námsmanna og í samræmi við kröfur sem gerðar eru til námsaðstöðu þeirra.

Leiðbeinandi verður að búa yfir samskiptafærni til að tengjast námsmönnum og vinna traust þeirra. Hann á að skapa vinsamlegt andrúmsloft og sýna hinum fullorðna námsmanni - reynslu hans og þekkingu - fulla virðingu. Ennfremur þarf leiðbeinandi að gera sér ljósar ástæður námsmanns til að taka þátt í náminu og markmiðum hans með því. Leiðbeinandi verður einnig að gera sér grein fyrir algengum hindrunum í námi fullorðinna (eins og t. d. kvíða og óöryggi) og bregðast á viðeigandi hátt við þeim.

Leiðbeinanda ber að örva og hvetja námsmenn og leggja sig fram um að svara þörfum þeirra fyrir útskýringar og endurgjöf. Hann verður að gera sér ljóst að eðlislægar forsendur til að læra eru mismunandi. Því er gerð krafa til þess að framsetning hans sé ekki einhæf eða vélræn heldur lagi sig að mismunandi færni þeirra með það fyrir augum að auðvelda þeim nám. Enn fremur þarf framsetning og viðfangserfni að hafa sem mesta skírskotun til veruleika og reynslu námsmanna.

Námsmenn eiga að fá tækifæri til að spreyta sig á margvíslegan hátt. Verkefnavinna, atvikakönnun, hlutverkaleikir, verklegar æfingar upp á eigin spýtur eða í hópi, rök-ræður, umræður og sjálfsmat eru dæmi um aðferðir sem leiðbeinandi getur beitt í því skyni að sem flestir finni námstækni og námshraða við hæfi sitt.

Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Leiðbeinandi á að hafa færni til að meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, meta námsferlið, nota símataðferðir og gefa skýrslu um niðurstöður.



Hugtök í námsmarkmiðum

Í námsmarkmiðum fyrir námið eru eftirfarandi hugtök notuð:

- *kynnast* í merkingunni komast í kynni við, vita af einhverju.
- *þekkja* í merkingunni bera kennsl á, átta sig á, hafa vitneskju um.
- *auka færni sína* í merkingunni að eflast, að taka framförum í viðkomandi námsgrein frá því að námsmaður hóf nám.
- *vera fær um* í merkingunni hafa á valdi sínu, geta eitthvað sem maður hefur lært, kunna að gera eitthvað, hafa lært vinnubrögð, gera sér grein fyrir einhverju, vita hvernig eitthvað er.



Lokamarkmið

Lokamarkmið námsins eru að námsmaður:

- verði í lok námsins fær um að nota námstækni sem hentar námsstíl sínum.
- auki faglega þekkingu sína á ferðaþjónustu og færni til að eiga samskipti við innlenda og erlenda ferðamenn.
- auki faglega þekkingu sína á lífríki sjávar og ferskvatns og nytjum auðlindanna.
- auki þjónustuvitund og næmi á einstaklingsbundnar þarfir ferðamanna og getu til að svara þörfum þeirra.
- efli siðvitund sína, sjálfstraust sitt og frumkvæði til að takast á við síbreytileg verkefni í ferðaþjónustu á landsbyggðinni og nýta þau tækifæri og mannauð sem fyrir hendi er á hverju svæði.
- verði fær um að tjá skoðanir sínar fyrir framan hóp annarra námsmanna.
- verði fær um að vinna verkefni sjálfstætt og skipulega.
- verði fær um að afla, vinna úr, varðveita og miðla upplýsingum um þjónustu fyrir ferðamenn á svæðinu.

Í námstilboðinu eru ekki lögð fyrir formleg próf en mikil áhersla lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og að framfarir hjá námsmönnum séu tryggðar. Leiðbeinandi á að hafa færni til að meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, meta námsferlið og nota símataaðferðir.



Skipulag náms

Námsleiðin Fiskur og ferðapjónusta er 300 kennslustundir sem sótt er með vinnu. Hver kennslustund er 40 mínútur. Námið er staðbundið, t.d. er hægt að kenna það einu sinni til tvisvar í viku með vinnu á milli og allt að 20 kennslustundir einstaka helgar. Í náminu er lögð áhersla á samþættingu náms og vinnu, einnig er lögð áhersla á samþættingu námsþátta eins og kostur er.

Æskilegt er að umsjónarmaður námsins sjái um kynningu námsskrár og dagskrár námsins og verði í augum námsmanna þungamiðja starfsins. Hann sér til þess að samþætting námsþátta við annan eigi sér stað.

Heimilt er að breyta vægi einstakra þátta námsins, fella niður námsþætti og bæta við aðra eða bæta skyldum námsþáttum við án þess þó að draga úr heildarfjölda námsstunda enda fari breytingin ekki í bága við markmið námsins eða tilgang þess.

Þessi námsskrá byggist á eftirfarandi námsþáttum:

Námsþáttur	Kst.
Kynning	3
Námstækni	7
Samskipti og siðfræði	40
Tölvu- og upplýsingatækni	20
Fagenska	30
Fagreikningur	10
Tjáning	20
Ferðapjónusta	40
Fyrirtækin	10
Lífríki sjávar og ferskvatns þjónusta	45
Framreiðsla í sal	25
Skyndihjálp	10
Faglegt lokaverkefni	10
Mat á námi og skólastarfi	27
Samtals	3
	300

Yfirlit yfir samþættingu námsþátta:

		Tákn	Kynning	Námstækni	Samskipti og siðfræði	Tölvu- og upplýsingatækni	Fagenska	Fagreikningur	Tjáning	Ferðapjónusta	Fyrirtækin	Lífriki sjávar og ferskvatns	Þjónusta	Framreiðsla í sal	Skyndihjálp	Faglegt lokaverkefni	Mat á námi og skólastarfi
1	Kynning	K	■														
2	Námstækni	N		■		■	■	■	■	■	■	■				■	■
3	Samskipti og siðfræði	S	■		■				■	■	■	■	■			■	■
4	Tölvu- og upplýsingatækni	U				■	■	■	■	■	■	■		■		■	
5	Fagenska	E				■	■										
6	Fagreikningur	R				■		■						■			
7	Tjáning	T	■		■	■			■		■	■	■	■		■	
8	Ferðapjónusta	F				■	■			■	■	■	■			■	
9	Fyrirtækin	FY			■					■	■	■	■		■		
10	Lífriki sjávar og ferskvatns	L			■	■	■			■	■	■	■				
11	Þjónusta	Þ				■				■	■	■	■	■			
12	Framreiðsla í sal	FR												■			
13	Skyndihjálp	SK					■			■	■	■	■		■		
14	Faglegt lokaverkefni	L														■	
15	Mat á námi og skólastarfi	M	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■

Einstaka þættir námsþáttanna frá 1 – 15 eru samþættir við aðra og/eða markvisst æfðir í öðrum þáttum samanber yfirlitsmynd. Sé lesið lárétt í töfluna sést sú samþætting. Hana er gott að hafa til hliðsjónar þegar metið er inn í framhaldsskóla. Sé lesið lóðrétt í töfluna sést hvaða þætti leiðbeinendur í einstökum námsþáttum þurfa að kenna, kynna, æfa eða þjálf, samanber tilvísanir í námsmarkmið.



Um námsmarkmið, námslýsingar, námsaðferðir og námsefni ber almennt að hafa í huga að alla framkvæmd á að miða að því að greiða fyrir námi. Ennfremur að námsmenn hafa misjafna lífsreynslu, læra með mismunandi hætti og þurfa til þess mislangan tíma. Vægi og innhald námsþátta verður því að laga að nokkru leyti að þörfum þeirra.

Æskilegt er að forþekking námsmanna sé könnuð í upphafi námsþátta. Leiðbeinendur laga efni sitt og aðferðir sínar að þekkingu námsmanna og þörfum fullorðins fólks sem er í námi jafnvel eftir langt hlé.



Kynning

K

3 kennslustundir

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki tilgang, lokamarkmið, og framvindu náms í námsleiðinni Fiskur og ferðaþjónusta, kröfur sem gerðar eru til námsmanns, hópans, leiðbeinenda og námsaðstæðna.
- kynnist hverjir öðrum og efli samskipti sín og samvinnu (S).
- verði færir um að tjá væntingar sínar til námsins (T).

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á markmið og forsendur námsins. Einnig að leiða í ljós væntingar sem námsmenn hafa til námsins. Losað er um spennu jafnframt því sem námsmenn kynnast hverjir öðrum og leiðbeinanda. Lagður grunnur að samskiptum og samvinnu í hópnum og virkni námsmanna. Þeir skrifa niður markmið sín og væntingar til þess að minna sig á eftir því sem náminu vindur fram og bera saman við stöðu sína í lok náms.

Námsaðferð:

Námsmenn eru virkjaðir í kynningar aðferð sem losar um spennu. Kynning leiðbeinanda, umræður, hópstarf.

Námsefni:

Námsskrá námsleiðarinnar og dagskrá.



7 kennslustundir

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki hvaða leiðir henta þeim til náms, með því að prófa þær aðferðir og námsgreinar og leysa þau verkefni, sem lögð eru fyrir í námsstarfinu.
- þekki í aðalatriðum hvað hefur áhrif á nám.
- þekki undirstöðuatríði í námstækni.
- þekki aðferðir til að muna og skilja.
- þekki leiðir til að vinna skipulega.

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á helstu atriði sem hafa áhrif á námsgetu, þ.á.m. upplag hvers og eins, áhuga, virkni, reglufestu og einbeitingu. Einnig samstarf námsmanns og leiðbeinanda, samstarf námsmanna innbyrðis og samstarf þeirra við leiðbeinendur. Verkefni sem gefa vísbendingar um námsstíl og verkefni með aðferðum sem auðvelda nám (t.d. skima, strika undir, skrá minnisatriði, gera hugkort og vinna í hópi). Unnið er áfram með námstækni í öðrum námsþáttum námsleiðarinnar.

Námsaðferð:

Leiðbeinandi kynnrir efnið, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni:

T.d. Námstækni; Mímir-símenntun.

**Námsmarkmið:**

Að námsmenn

- þekki samhengi milli sjálfstrausts og framkomu og áhrif þess í samskiptum við aðra.
- þekki hvernig þeir geta öðlast færni til að byggja upp sjálfstraust sitt.
- þekki grundvallaratriði góðra mannlegra samskipta og mikilvægi þeirra fyrir vellíðan einstaklingsins og árangur í starfi.
- þekki almenn gildi og siðareglur í mannlegum samskiptum.
- verði færir um að rökstyðja eigin gildi og verðmætamat.
- þekki vel undirstöðuatriði tjáskipta og hvernig hægt er að forðast misskilning.
- verði færir um að láta skoðanir sínar í ljós í almennum umræðum og hópvinnu (T).
- verði færir um að taka gagnrýni í almennum umræðum og hópvinnu (T).
- verði færir um að bregðast við af ábyrgð og réttisýni (L).
- verði færir um að halda samkomulag sem gert hefur verið (FY).
- verði færir um að virða trúnað (FY).
- kynnist mikilvægi liðsheildar (FY).

Námslýsing:

Áhersla er lögð á ólík samskiptamynstur og mismunandi framkomu fólks. Ákveðni, óákveðni og ágengni í samskiptum. Áhrif mismunandi sjálfstrausts á framkomu fólks. Atriði sem helst geta ógnað sjálfstrausti og hvernig bregðast megi við. Leiðir til að efla sjálfstraust og öruggari framkomu, þannig að fólk nái betri árangri í samskiptum, sé ánægðara og líði betur. Ýmis atriði í samskiptatækni, s.s. að hlusta, að gagnrýna, að taka við gagnrýni, að leysa ágreining. Helstu atriði varðandi samskipti á vinnustað og vinnustaðamenningu, einelti og helstu leiðir til að koma í veg fyrir það.

Námsaðferð:

Kynning leiðbeinanda og leiðsögn hans, umræður, sjálfsmat og verklegar æfingar í hópum. Greiningardæmi, dæmisögur, lausnaleikir og verkefnavinna. Námsmenn greina helstu atriði siðareglna og gilda í samskiptum og segja frá eigin afstöðu og hvernig hún mótast atferli. Skírskotun eða dæmi tekin úr öðrum námsþáttum.

Námsefni:

T.d. Sjálfsstyrking, Mímir-Símenntun.

Efni frá leiðbeinendum.

**Námsmarkmið:**

Að námsmenn

- auki færni sína í notkun ritvinnslu, töflureiknis, vafra og tölvupósts.
- verði færir um að nota tölvu til að skrifa texta.
- þekki hvernig tölvur eru notaðar til öflunar, úrvinnslu, varðveislu og framsetningar upplýsinga með sérstakri áherslu á fisk og ferðaþjónustu (N) (F) (L).
- auki færni sína í skriflegri tjáningu t.d. með notkun leiðréttingarforrits (T).
- auki færni sína í fagreikningi (R).
- auki færni sína í námstækni (N).
- auki færni sína í fagensku (E).

Námslýsingar:

Með hliðsjón af tölvukunnáttu námsmanna eru unnin verkefni í ritvinnslu, töflureikni, á Netinu og í póstforritum. Í ritvinnsluforriti er sleginn inn texti, hann sniðinn, skreyttur og leiðréttur. Textinn hefur gildi fyrir ferðaþjónustu, lífríki, íslensku og uppsetningu texta jafnframt því að æfa vinnu á tölvu. Í töflureikni er reiknað með hliðsjón af því sem reiknað er í fagreikningi auk þess gerð gröf og listar. Leitað gagna og heimilda á Netinu á íslensku og ensku. Námsmenn þjálfá námstækni í tölvum.

Námsaðferð:

Verkefni unnin á tölvur. Lengra komnir aðstoða styttra komna. Unnið er áfram með tölvur í verkefnavinnu. Skírskotun og vinna með dæmi úr öðrum námsþáttum.

Námsefni:

T.d. efni frá leiðbeinendum.



30 kennslustundir auk samþættingar

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- kannist grundvallaratriðum í töluðu og rituðu máli.
- auki færni sína í ensku talmáli.
- auki hagnýtan og virkan orðaforða í ensku sem tengist ferðamálum og þjónustu (F).
- auki hagnýtan og virkan orðaforða í ensku um fisk og sjávarspendýr og nýtingu þeirra (L).
- auki hagnýtan og virkan orðaforða í ensku um öryggismál og skyndihjálp (SK).
- verði færir um að veita ferðamönnum þjónustu á ensku (Þ).
- auki færni sína í námstækni (N).
- auki færni sína á tölvur (U).

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á grunnatriði í framburði og málfræði daglegs máls. Áhersla er lögð á lestur, hlustun og tjáningu með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða um það sem mestu varðar í þjónustu við erlenda ferðamenn, s.s. miðlun upplýsinga, viðbrögð við kvörtunum og öryggismál. Enskt talmál er æft, m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Skriflegi þátturinn þjálfaður með æfingum í tengslum við þá efnisflokka sem unnið er með eins og miðlun upplýsinga.

Námsaðferð:

Kynning leiðbeinanda, talæfingar, hlutverkaleikur og skriflegar æfingar. Netíð notað til upplýsingaöflunar og til að kynnst notkun tölvuorðabóka. Skírskotun og unnið með dæmi úr öðrum námsþáttum.

Námsefni:

T.d. efni frá leiðbeinanda.



10 kennslustundir auk samþættingar

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- verði færir um að nota samlagningu, frádrátt, margföldun, deilingu og prósentureikning.
- verði færir um að umreikna milli gjaldmiðla.
- verði færir um að nota vasareikni til einfaldra reikniaðgerða.
- auki færni sína í að nota töflureikni (U).
- auki færni sína í námstækni (N).

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á grundvallaratriði stærðfræði með hliðsjón af stærðfræðibekkingu námsmanna. Áhersla er lögð á verkefni sem tengjast vinnustaðnum, s.s. uppsetningu reikninga og umreikning á gjaldmiðlum. Verkefnin fela m.a. í sér skilgreiningu á prósentum og dæmi um prósentureikning, t.d. útreikning á verðafslætti og myndræna framsetningu hlutfalla s.s. samsetningu ferðamanna, hlutfalla tegunda í afla og tekna og önnur atriði sem tengjast ferðaþjónustu á svæðinu. Námsmenn þjálfa námstækni sína samhliða fagreiðingnum.

Námsaðferð:

Útskýringar leiðbeinanda og verkefnavinna, m.a. á tölvur. Lengra komnir aðstoða þá sem styttra eru komnir. Skírskotun og unnið með dæmi úr öðrum námsþáttum.

Námsefni:

T.d. Grunnhefti í stærðfræði frá Mími-símenntun.

**Námsmarkmið:**

Að námsmenn

- þekki aðferðir til að geta tjáð sig munnlega og skriflega á góðri íslensku.
- verði færir um að segja frá sjálfum sér og tjá sig um starfið.
- verði færir um að segja stuttar sögur af svæðinu, syngja, stjórna hópsöng eða leikjum.
- verði færir um að bregðast við munnlegum samskiptum sem tengjast daglegu starfi og geti tjáð sig á viðeigandi hátt (S).
- auki færni sína í ritvinnslu á tölvu (U).
- auki færni sína í námstækni (N).

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á skipulega framsetningu. Farið er yfir réttitunarreglur, orðflokka og beygingar eftir því sem við á. Eftir atvikum er kannaður texti í bæklingum, dagblöðum, tímaritum og á Netinu. Námsmenn skoða texta frá málfarslegu sjónarmiði og því hvað hentar við miðlun upplýsinga. Námsmenn nota sem fjölbreyttust hjálpargögn tölvu, orðabækur og handbækur. Námsmenn þjálfa námstækni sína jafnframt náminu í tjáningu. Unnið er áfram með tjáningu í öðrum þáttum námsins s.s. tölvum, og verkefnaskilum.

Námsaðferð:

Leiðbeinandi kynnir efnið og stjórnar umræðum. Námsmenn vinna verkefni, æfa ræðumennsku og hópsöng. Skírskotun og dæmi tekin úr öðrum námsþáttum.

Námsefni:

T. d. efni frá leiðbeinanda og Stafsetningarbók eftir Ólaf M. Jóhannesson.

**Námsmarkmið:**

Að námsmenn

- kynnist ferðamanni nútímans, einkennum hans og væntingum.
- kynnist atvinnugreininni ferðapjónustu, helstu hugtökum, þróun og sögu.
- þekki áhrif atvinnugreinarinnar, efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg.
- þekki til framboðs á ferðapjónustu á heimaslóðum.
- þekki sögu og menningu svæðisins.
- kynnist hvaða fyrirtæki og starfsgreinar tilheyra ferðapjónustu (FY).
- kynnist helstu atvinnuvegum, auðlindum og nýtingu þeirra á svæðinu (L).
- þekki sérstöðu náttúru og gróðurfars í umhverfinu (L).
- auki færni sína til að segja frá sögum, söngvum og leikjum sem tengjast svæðinu og fiski (T).
- auki færni sína í öflun, úrvinnslu, varðveislu, miðlun og framsetningu upplýsinga (N).
- auki færni sína til að nota tölvu við öflun, úrvinnslu, varðveislu og framsetningu upplýsinga (U).
- verði færir um að fjalla um náttúruauðlindir af ábyrgð og réttisýni (S).

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á skilning á einkennum og væntingum nútímaferðamanna og hvernig atvinnugreinin ferðapjónusta er samsett til þess að mæta þeim væntingum. Hver eru helstu einkenni atvinnugreinarinnar, hvernig hefur hún þróast. Fjallað er stuttlega um sögu ferðapjónustunnar í heiminum og á Íslandi. Áhersla er lögð á að kynna á hvaða sviðum þjóðlífsins áhrifa ferðapjónustu gætir, bæði jákvæð og neikvæð áhrif, efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg. Þá er framboð á ferðapjónustu á heimaslóðum námsmanna kannað, þar á meðal hvernig samgöngum er háttað og hvort á svæðinu eru gisti-, og veitingastaðir og afþreying. Sérstaklega er fjallað um auðlindir, atvinnuvegi og menningu svæðisins og hvernig nýta má sérkenni svæðisins í ferðapjónustu.

Námsaðferð:

Kynning leiðbeinanda, umræður, vettvangsferðir og verkefnavinna í tölvu við gerð handbókar um svæðið eða upplýsingamöppu með sögum, söngvum og leikjum af svæðinu. Skírskotun eða dæmi tekin úr öðrum námsþáttum.

Námsefni:

T. d. Saga ferðapjónustunnar eftir Birnu Bjarnleifsdóttur. Rauða kverið; Ferðamálastofa, vefefni á heimasíðu Samtaka ferðapjónustunnar, Mannleg samskipti og þjónusta; Mímir-símenntun.



10 kennslustundir auk samþættingar

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki boðleiðir í sínu fyrirtæki og mikilvægi þeirra fyrir vellíðan á vinnustað og árangur starfsmanna.
- þekki almennar reglur um réttindi og skyldur á vinnustöðum og einnig sérstakar reglur sem gilda á vinnustaðnum.
- kynnist skipulagi fyrirtækja í ferðaþjónustu með áherslu á nýtingu afurða ferskvatns og sjávar (F) (L).
- geti gert grein fyrir þjónustu fyrirtækjanna sem þau starfa við (Þ).
- auki færni og vilja til samvinnu á vinnustað (S).
- þekki mikilvægi liðsheildarinnar (S).
- þekki hvað einkennir fyrirmýndar starfsmann (S).
- þekki undirstöðuatriði í öryggismálum fyrirtækisins (SK).

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á skipulag og uppbyggingu fyrirtækja, hvernig boðleiðir eru innan fyrirtækisins og hvar flöskuhálsar geta myndast. Þá er grundvöllur góðra samskipta ítrekaður, hvernig sjálfstraust/sjálfsmat hefur áhrif á framkomu og samskipti á vinnustað. Fjallað er um vinnustaðamenningu og uppbyggingu liðsheildar. Einnig réttindi og skyldur starfsfólks og þá eiginleika sem prýða góðan starfsmann. Þá er farið yfir mikilvæg öryggisatriði s.s. brunavarnir og flóttaleiðir.

Námsaðferð:

Kynning leiðbeinanda, umræður, sjálfsmat og ýmsar verklegar æfingar í hópum.

Námsefni:

T. d. efni frá leiðbeinanda.



45 kennslustundir auk samþættingar

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki fiska sem lifa í sjó og ferskvatni á Íslandi, helstu nytjafiska og helstu sjávarspendýr sem lifa við strendur landsins, útbreiðslu, lífshætti, veiðarfæri, veiðiaðferðir, vinnslu og helstu nytjar af þeim.
- verði færir um að lýsa fiskum og sjávarspendýrum heimabyggðar sinnar, sköpulagi, afkomu, eldi, fæðu, útbreiðslu, lífsháttum og helstu nytjum af þeim.
- þekki íslensk og viðeigandi erlend heiti helstu nytjafiska og sjávarspendýra á svæðinu.
- auki færni sína til að nota tölvu við öflun, úrvinnslu, varðveislu og framsetningu skriflegra og tölulegra upplýsinga sem koma að gagni í samskiptum við ferðamenn (U) (N).
- auki færni sína til að segja frá lífríki vatns og sjávar í heimabyggð á íslensku og öðru tungumáli (T).
- verði færir um að fjalla um náttúruauðlindir og nýtingu af ábyrgð og réttisýni (S).

Námslýsing:

Megináherslan er lögð á að námsmenn verði færir um að veita innlendum og erlendum ferðamönnum upplýsingar um lífríki sjávar og ferskvatns heimabyggðar sinnar af ábyrgð og réttisýni.

Námsaðferð:

Innlögn leiðbeinanda, verkefnavinna, vettvangsferðir, upplýsingaleit, t.d. með viðtöllum, á bókasafni, með ljósmyndum og á Netinu. Varðveisla, úrvinnsla og framsetning upplýsinganna er unnin í tölvu. Auk latneskra heita fiska og sjávarspendýra þarf að finna upplýsingar aðallega á íslensku en einnig ensku eða öðru tungumáli. Skírskotun eða dæmi tekin úr öðrum námsþáttum.

Námsefni:

T.d. Lúðvík Kristjánsson, 1980. Íslenskir sjávarhættir. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Karl Gunnarsson, Gunnar Jónsson og Ólafur K. Pálsson, 1998. Sjávarnytjar við Ísland. Reykjavík: Mál og Menning.

Guðni Þorsteinsson, 1980. Fiskveiðar og veiðarfæri. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson, 1996. Fiskar í ám og vötnum. Reykjavík: Landvernd.

Gunnar Jónsson, 1992. Íslenskir fiskar. Fjölvaútgáfan.

Íslenska alfræðiorðabókin, 1990. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur.

Auk almennrar leitar á Netinu Vefbókasafnið, Íslandsvefurinn, Vísindavefurinn, vefur Ferðamálastofu og sjávarútvegsráðuneytisins, veiðarfæri, t.d. á vef Fjölbrautaskóla Suðurnesja, ýmislegt á fiskar.hi.is, tölur á vef Hagstofunnar, Útflutningsráðs og Seðlabankans auk fauna.is, islandsvefurinn.is, hafro.is, sjavarutvegur.is, fisheries.is, Britannica Online, Encarta, pbs.org, bbc.com



25 kennslustundir auk samþættingar

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki undirstöðuatríði í þjónustu við viðskiptavini.
- geti gert grein fyrir grunnþörfum viðskiptavina og mætt þeim á fullnægjandi hátt.
- þekki undirstöðuatríði snyrtimennsku sem nauðsynleg er við þjónustustörf.
- þekki tengslin milli sjálfstrausts, framkomu og þjónustu (S).
- þekki undirstöðuatríði þjónustu innan fyrirtækis milli deilda og starfsmanna (FY).
- verði færir um að vísa á áhugaverða staði út frá óskum viðskiptavina (F).
- geti gert grein fyrir meginreglum varðandi erfiða viðskiptavini og brugðist við á viðeigandi hátt (S) (T).
- geti gert grein fyrir meginreglum við móttöku kvartana og brugðist við á viðeigandi hátt (S) (T).
- geti gert grein fyrir menningarlegum mismuni ferðamanna frá ólíkum stöðum og brugðist við á viðeigandi hátt (F).

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á að góð þjónusta byggist á góðu sjálfstrausti og samskiptum og viljann til að miðla upplýsingum og vísa til vegar. Hvaða kröfur eru gerðar um snyrtimennsku á vinnustaðnum. Hvernig tekið er á erfiðum viðskiptavinum og kvörtunum. Hvernig þjónusta inn á við er veitt þegar ein deild þjónustar aðra, hvernig myndast flöskuhálsar og hvernig er flæði upplýsinga. Hvers ber að gæta í samskiptum í fjölmennningarlegu samfélagi og þjónustu við fólk sem er af öðru bergi brotið og hefur önnur viðhorf og gildi.

Námsaðferð:

Kynning leiðbeinanda. Umræður og verklegar æfingar.

Námsefni:

T.d. Mannleg samskipti og þjónusta, Mímir-Símenntun.

Efni frá leiðbeinanda.



10 kennslustundir auk samþættingar

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- verði færir um að undirbúa veitingasal fyrir móttöku gesta og ganga frá að loknum vinnudegi.
- þekki algenga framreiðsluhætti og geti beitt þeim.
- verði færir um að útbúa reikning og taka á móti greiðslu fyrir veitingar.
- þekki algengustu greiðsluaðferðir.
- verði færir um segja gestum frá réttum á matseðlum og ráðleggja um val á drykkjarföngum (T).
- verði færir um að veita þjónustu í veitingasal (Þ).
- kynnist notkun á kassakerfum(U).
- verði færir um að umreikna gjaldeyri (R).

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari yfir undirbúning og frágang í veitingasölum. Mismunandi uppröðun, borðlagningu og borðskreytingar. Að farið sé yfir algengustu framreiðsluaðferðir, bæði matar og drykkja. Námsmenn þekki matseðil og vínseðil og geti leiðbeint um val og veitt almenna þjónustu. Námsmenn eru þjálfaðir í að taka á móti pöntunum, gera reikninga, taka á móti greiðslum, nota kassa og umreikna gjaldeyri. Skírskotað til annarra námsþátta og dæmi tekin úr þeim.

Námsaðferð:

Leiðbeinandi stjórnar umræðum, verklegum æfingum, vörukynningum og vínsmökkun.

Námsefni:

T.d. frá leiðbeinanda.



10 kennslustundir auk samþættingar

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- verðir færir um að beita helstu aðferðum í skyndihjálpar.
- verði færir um að bregðast rétt við þeim slysum sem algengust eru í umhverfi þeirra svo sem ef stendur í gestum (FY).
- verði færir um að greina helstu hættur á vinnustað og temja sér vinnubrögð sem hafa forvarnargildi vegna slyshættu (FY).
- verði færir um að viðhalda þekkingu sinni á þessu sviði.

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á almenn atriði skyndihjálpar og nauðsyn þess að starfsmenn viðhaldi þekkingu sinni og færni á þessu sviði. Námsmenn greina helstu hættur á vinnustöðum sínum og meta hvernig þeir geti með atferli sínu lagt sitt af mörkum til að ýtrasta öryggis sé gætt.

Námsaðferð:

Kynning leiðbeinanda, umræður, hópstarf, verkefnavinna og verkleg kennsla.

Námsefni:

T.d. efni frá leiðbeinanda og Vinnueftirliti ríkisins.



27 kennslustundir

Faglegt lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Efni verkefnis er valið í samráði við leiðbeinanda og vinnuveitanda. Námsmaður skilar leiðbeinanda áætlun um verkefnið. Þar þarf að koma fram markmið, innihald, vinnu- og tímaáætlun. Afurð verkefnisins getur verið með ýmsu móti og ræðst af eðli þess.

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- verði færir um að vinna samþætt lokaverkefni tengt sérþekkingu þeirra og starfi innan ferðaþjónustunnar (F).
- verði færir um að skipuleggja verkefnið fyrirfram með aðstoð leiðbeinanda (N).
- verði færir um að afla upplýsinga og vinna úr þeim (N).
- verði færir um að vinna með heimildir (N).
- auki færni sína í að vinna sjálfstætt (N).
- verði færir um að tjá sig munnlega og skriflega á góðri íslensku við skil á verkefnum (T).
- verði færir um að nota tölvur til verkefnavinnu í náminu (U).
- auki færni sína í íslensku (T).
- verði færir um að kynna árangurinn fyrir öðrum (T).
- verði færir um að fjalla um viðfangsefni sín af ábyrgð og réttisýni (S).

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á að námsmenn vinni skipulega verkefni sem tengist starfi þeirra. Námsmenn velja áhugavert efni í samvinnu við leiðbeinanda, afla upplýsinga, vinna úr þeim og kynna fyrir samnemendum. Upplýsinga er aflað á bókasöfnum, Netinu, með viðtölum eða á annan hátt.

Meginmarkmið þessa er að gera námsmanninn hæfan til að vinna sjálfstætt og beita öguðum vinnubrögðum. Í faglegu lokaverkefni sýnir starfsmaður fram á að hann hafi tileinkað sér þá þekkingu, færni og viðhorf sem stefnt er að með náminu í heild. Hann sýnir fagmennsku sína í því hvernig hann tekst á við viðfangsefnið og stendur að kynningu á því. Hann sýnir sjálfstæði og færni í notkun þeirra vinnubragða sem hann hefur kynnst í náminu og ber með sér að hann er fagmannlegur, stoltur og hæfur starfsmaður í ferðaþjónustu.

Námsaðferð:

Leiðbeinandi veitir námsmönnum leiðsögn en að öðru leyti stunda þeir sjálfstætt nám.

Námsefni:

T.d. efni frá leiðbeinanda.



3 kennslustundir

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- leggi mat á námið og markmið þess.
- þekki ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfa sig og aðra (S).
- leggi mat á markmið sín og framfarir sínar í náminu (N).

Námslýsing:

Í lok námsins fara námsmenn yfir hverju námið hefur skilað hverjum einstökum og hópnum í heild. Námsmenn skoða markmið sem þeir settu sér í upphafi námsins og væntingar til þess og bera saman við stöðu sína í lok náms.

Leiðbeinendur meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, meta námsferlið og nota símataðferðir, t.d. gátlista til að staðfesta að námsmenn hafi náð lokamarkmiðum námsleiðarinnar á viðunandi hátt svo og markmiðum námsþátta námsins.

Námsmenn leggja mat á námið, markmið námsleiðarinnar, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsstarfsins.

Námsaðferð:

Leiðbeinandi stjórnar umræðum.



Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta „Fiskur og ferðaþjónusta“ til styttingar á námi í framhaldsskóla til allt að 24 einingum. Meta má skólann á mótí allt að 12 einingum í vali, 12 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi einstaklings.

Nám og námsþætti í *Fiskur og ferðaþjónusta* má til dæmis meta á mótí eftirfarandi áföngum í AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA 1999 og Starfsnámi í ferðafræðum 2004:

ÍSL 102 Læsi, ritun og tjáning

TJÁ 102 Tjáning og samskipti

SAM 103 Þjónustusamskipti

LKN 103 Lífsleikni

LKN 111 Einstaklingur, samfélag, menning

STÆ 103 Jöfnur, rúmfræði og hlutföll

FEN 102 Enska fyrir ferðaþjónustu

FER 103 Ferðafræði og starfsumhverfi fyrirtækja

FOM 123 Framreiðsla og matreiðsla

UMH 103 Umhverfi og ferðaþjónusta

Til að meta styrkleika einstaklings er hægt að nota einhverja af eftirtöldum aðferðum:

1. Framlögð gögn um fyrra nám t.d. staðfestingu frá leiðbeinanda í námsleiðinni Fiskur og ferðaþjónusta.
2. Starfsferilsskrá.
3. Viðtöl við einstakling þar með talið sjálfsmat.
4. Stöðupróf.

Ekki er tryggt að námsmaður geti nýtt allar einingarnar til styttingar á námi í framhaldsskóla, það fer eftir tegund náms og námsferli viðkomandi námsmanns.


Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. var stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í desember 2002.

Hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vinnur samkvæmt samþykktum og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið.

Starfsemin beinist að þeim sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla og innflytjendum.

Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

www.frae.is, sími 599 1400